

Afstöðumynd
M 1:2000

Byggingarlýsing:

Miklholtshellir, Flóahreppi
Staðgreinir: 8722-2-00060000
Landnúmer : L223302

Fyrirhugað er að byggja nýtt varphús á staðnum í viðbót við þau fuglahús sem fyrir eru á svæðinu. Húsið verður þriskipt varphús fyrir um 18000 hænur í heildina og aðstöðurými fyrir miðju. Gert er ráð fyrir 2-4 starfsmönnum en ekki verður föst viðvera starfsmanna í húsinu.
Fyrir liggur samkomulag um að allur úrgangur frá fuglunum verði fjarlægður reglulega og nýttur sem lífrænn áburður við ræktun. Úrgangur mun því ekki safnast fyrir á staðnum.

Húsið verður að stærstum hluta tvö stór aðalrými, þar sem hænur ganga lausar. Aðstaða fyrir fóðrun og varp verða í þeim rýmum. Vetrargarðar verða við aðra langhlið hvers varprýmis. Möguleiki verður á að opna fyrir fugla út í vetrargarðana með lúgum, 22 stk á hvorum varpsal, 500mm háum og 2100mm breiðum. Í miðju hússins verður aðstaða til þökkunar og aðstöðurými fyrir starfsmenn. Þ.e. búningsaðstaða, snyrting, kaffiaðstaða, tæknirými og geymslur. Stærri kaffistofur og önnur starfsmannaaðstaða er í öðrum húsum á svæðinu.

Húsið verður stálgrindarhús klætt með bárustáli en að innan verða veggir og þak stálklæddum samlokueiningum (þir), U-gildi útveggja- og þakeininga er 0,22W/m²K.
Neðsti hluti allra veggja verða steyptir.
Vetrargarðar verða afmarkaðar með bárustáli og neti.
Innveggir verða úr samlokueiningum, ýmist þir eða steinullareiningum.
Undirstöður og gólfplötur, bæði í húsi og í vetrargörðum, verða úr járnbentri steinsteypu. Grunduð verður á burðarhæfu efni.
Einangrað verður undir plötu og niður á innanverða sökkla í húsi.
Epoxy verður á gólfum í þökkun og í starfsmannarýmum.

Hurðir verða úr plastklæddu stáli með lokunarpumpu og gluggar verða úr plastprófílum. Í gluggum á veggjum í aðstöðurými verður tvöfalt K-gler.
Á norðvestur hlið hússins verða ljósplötur efst á veggjum í varpsölum, 5% af gólfflatarmáli eða um 39m² í hvorum sal.

Tvær útgönguleiðir verða úr aðstöðurými og ein úr þökkunarrými og auk þess verður innangengt þar á milli.
Innangengt verður úr hænsnahúsum inn í aðstöðurými.
Úr varpsölum verða útgönguleiðir við gafla.

Loftræsting verður vélræn.

Vatnslagnir verða utanáliggjandi með veggjum og í innsteyptum rörum í gólfum. Frárennsli verður leitt í rotþró.

Húsið verður hitað með gólfhitakerfi.

Allur frágangur, efni og smíði hússins skal vera samkvæmt byggingarreglugerð.

Utanhúsklæðningar verða í sama lit og aðrar byggingar á staðnum.

Nákvæm hæðar- og staðsetning hússins skal ákveðin í samráði við byggingarfulltrúa. Plan umhverfis húsið skal leggja með góðum vatnshalla frá húsinu.

Aðstaða til sorplosunar er á staðnum.

Skýringar á táknum:

Noteininganúmer 0102

Hæðakótar (ákveðast í samráði við byggingarfulltrúa) 0,00 0,0

nf Niðurfall
lr Loftræsting
T Rafmagnstafla
Slökkvitæki
Bsl.30m Brunaslanga 25mm, L=30m
UT Útljós
Stjórnstöð brunakerfis

Helstu stærðir
(sjá skráningartöflu)

Brúttóflatarmál húss 1816,6m²
Brúttórúmmál húss 9607,3m³
Brúttóflatarmál vetrargarða 714,8m²

Brunavarnir:

Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun EFLU dags. 11. febr. 2021.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Byggingin hýsir varpsali auk þökkunar- og aðstöðurými fyrir starfsmenn og er í notkunarflokki 1. Ekki er gert ráð fyrir geymslu á brennanlegum efnum í miklu magni í byggingunni nema það sem tengist
starfseminni hverju sinni (ekki geymslur/lager).
Í varpsölum verða fóðurkerfi innan rýma fyrir dýr ásamt húskerfum að hluta en ekki tækjabúnaður eða brennanleg efni í miklu magni að öðru leiti.

Brunaviðvörunarkerfi
Í allri byggingunni verður brunaviðvörunarkerfi með hitavír í varpsölum en hefðbundnum reykskynjurum í öðrum rýmum. Kerfið gefur brunaboð til viðurkenndrar vaktstofu sem kallar til slökkvilið. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis ásamt yfirlitsmynd kerfis verður í starfsmannahluta.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3, 6 lítra og 9 lítra léttvatnstæki og 5 kg kolsýrutæki staðsett skv. aðaluppdráttum. Slöngukefli skv. ÍST EN 671-1 skal staðsett í þökkunarrými.

Reyklosun
Þakgluggar úr auðbrennanlegu plasti verða til reykræsingar í mæni þökkunaraðstöðu, u.þ.b. 5% af gólffleti.
Reyklosun frá varphúsi verður með útsogsventlum u.þ.b. 3,6m² í hvoru varphúsi sem dreifast jafnt yfir þakið. Stærð hvers útsogsventils er a.m.k. 0,3m². Innloft kemur um hurðir og iðnaðarhurðir sem hægt er að opna eftir þörfum.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Í byggingunni verða leiðarmerkingar og neyðarlýsing skv. leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Leiðarmerkingar eru sýndar á aðaluppdrætti.
Flóttaleiðalýsing (escape route lighting) (1 lúx) verður í miðlínu flóttaleiða. Svæðislýsing 0,5 lúx verður í opnum rýmum yfir 60m² sem eru án flóttaleiðalýsingar í gönguleiðum. Neyðarlýsing (5 lúx) verður í anddyrum, geymslum og tæknirými.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum. Mesta reiknuð lengd flóttaleiðar að útgangi eða inn í annað brunahólf er innan við 45m.
Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt (innan frá) án lykils eða verkfæra.
Iðnaðarhurðir í flóttaleiðum verða útbúnar þannig að auðvelt verði að opna þær handvirkt.

Klæðningar og gólf
Flokkun klæðninga og gólfefna er skv. ÍST EN 13501-1. Útveggir og þak verða úr stálsamlokueiningum sem uppfylla að lágmarki flokk C-s2,d0. Milliveggir að þökkununar- og starfsmannaaðstöðu og að geymslum verða úr stálsamlokueiningum með steinullarkjarna í flokki A2-s1,d0. Í starfsmannaaðstöðu er gert ráð fyrir hefðbundnum léttum milliveggjum með klæðningu í flokki 1 (K210 B-s1,d0). Frágangur á einingum skal vera í samræmi við brunavottun framleiðanda.
Gólfefni skulu uppfylla lágmark Dfl-s1 (flokk G).

Brunahólfun
Byggingin myndar eitt meginbrunahólf. Þökkunaraðstaða myndar sér brunahólf með EI60 veggjum að varpsölum. Starfsmannaaðstaða ásamt töflurými mynda sér brunahólf með EI60 veggjum og EI230-CSm hurðum.

Loftræsikerfi
Byggingin er loftræst með vélrænni loftræsingu að hluta.
Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í bruna.

Aðstaða slökkviliðs
Aðkomuleiðir sjást á afstöðumynd aðaluppdrátta. Slökkvistöðin á Selfossi er í u.þ.b. 12 km fjarlægð, Hveragerði er í u.þ.b. 25 km fjarlægð og Flúðir í u.þ.b. 36 km fjarlægð.
Aðkoma er að búinu um aðkomuveg frá Ölvisholtsvegi og akfært verður að öllum hliðum hússins.
Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður í starfsmannarými á suðausturhlið byggingarinnar.

Burðarvirki við bruna
Byggingin verður stálgrindarhús á steyptum sökklum. Stálvirki verður óvarið utan burðarvirkis innan þökkunaraðstöðu og starfsmannahluta sem skal eldvarið R60. Burðarvirki sem styður brunahólfandi veggi skal uppfylla sömu kröfu og viðkomandi brunahólf, þ.e. R60 í EI60 veggjum.

Viðhald brunavarna
Viðhald og eftirlit með brunavörnum skal vera í samræmi við reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Setja skal upp eigið eldvarnareftirlitskerfi fyrir varphúsið. Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi. Gera skal þjónustusamning um viðhald á neyðarlýsingu, slöngukefli og handslökkvitækjum.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
07. júlí 2021
Byggingarfulltrúi

Vistað 3.8.2022 10:25:32 Útprentun 09:16:20 f.h.

ÚTG.	DAGS.	ÚTGÁFUFERILL	HANNAÐ	TEIKN.	YFIRF.
B	08.06.'21	Uppfært eftir teikningum húsframleiðanda	SSt	GH	
C	14.06.'21	Haugrými ofl.	SSt	GH	
D	17.05.'22	Haugrými fjarlægð.	SSt	GH	

Skráningartafla: Miklholtshellir 2, Flóahreppi- varphús
Landnúmer: 223302
Matshlutanúmer: 02
Skrásetjari: Svava Steingrímsdóttir
Kennitala: 160971-5929
Útgáfa: 4.01t **Dags.:** 14.6.2021

Uppskipting og lýsing D0 Lokun	D1 Rými hæð-róð	D2 Notkun texti	D3 Höfuð-flokkun	D4 Eignar-hald	Stærðir D5 Botnflötur m²	D5M Milliflötur m²	D6 Stigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			1.816,6	0,0	0,0	0,0	1.816,6	0,0			9.607,3	1.677,2	1.816,6		8.574,882
		Botn											323,3				
	01	**1. hæð**			1.816,6	0,0	0,0	0,0	1.816,6	0,0			9.284,0	1.677,2	1.816,6		
A	0101	**Varpsalur**	N	0102	786,0				786,0		3,99	6,31	4.048,0	730,5	786,0	5,15	3.762,075
A	0102	**Aðstöðurými**	N	0102	244,6				244,6		3,99	6,31	1.188,0	216,2	244,6	4,86	1.050,732
A	0103	**Varpsalur**	N	0102	786,0				786,0		3,99	6,31	4.048,0	730,5	786,0	5,15	3.762,075
B	0104	**Þró**	N	0102	23,2				23,2		4,60	5,49					
B	0105	**Þró**	N	0102	23,2				23,2		4,60	5,49					
B	0106	**Vetrargarður**	N	0102	357,4				357,4		3,99	5,33					
B	0107	**Vetrargarður**	N	0102	357,4				357,4		3,99	5,33					

Athugasemdir

Vetrargarðar og þrær eru á steyptri plötu, veggir eru úr neti og alusinki og alusink er á þaki
Haugrými eru sér matshlutar (mhl.03 og mhl.04)

Sameignir sumra

Eignarhald

Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³
0102	**Aðstöðurými**	1.816,6	8.574,882	8.574,882
	Alls	1.816,6	8.574,882	8.574,882

T:\8091\Miklholtshellir\Varphus 2019\4641-017-0_02-D.dwg



Yfirlitsmynd úr aðalskipulagi

EFLA

Miklholtshellir 2, Flóahreppi

803 Selfoss
Varphús

20240045

Aðaluppdráttur
Afstöðumynd
Skýringar og skráningartafla

TEIKNINÚMER	BLAÐSTÆRÐ	HANNAÐ:	Elg/SSt
4641-017	A1	TEIKNAÐ:	SSt
01_0_02_01		YFIRFARIÐ:	GH
DAGS.	MÆLIKVARÐI		ÚTGÁFA
Febr 2021	1:2000		D

Hönnuður: Guðmundur Hjaltason kt. 070966-5579
Hönnunarstjóri: